

Fjölbrautaskólinn
Breiðholti
Kvsk

Haustönn 2005
5. desember
kl. 20.15-21.45

Íslenska 212

Nafn _____ kt.: _____

Prófseinkunn: _____

Vetrareinkunn: _____

Lokaeinkunn: _____

Prófið er á 9 bls. með forsíðu

I. (15%) Krossaspurningar

1. Í orðinu **vegur**

- er eitt raddað öngljóð og annað óraddað.
- er eitt ófráblásið lokhljóð.
- er stofnsérhljóðið stutt.
- eru tvö rödduð öngljóð.

2. Í orðinu **slunginn** eru

- eitt lokhljóð og eitt nefhljóð.
- eitt lokhljóð og tvö nefhljóð.
- tvö lokhljóð og tvö nefhljóð.
- tvö lokhljóð og eitt nefhljóð.

3. Hljóðtákn **[c]** er notað um

- framgómmælt lokhljóð, fráblásið.
- framgómmælt lokhljóð, ófráblásið.
- uppgómmælt lokhljóð, fráblásið.
- framgómmælt öngljóð, raddað.

4. Hljóðtákn **[j]** er notað um

- framgómmælt öngljóð, óraddað.
- uppgómmælt lokhljóð, ófráblásið.
- uppgómmælt öngljóð, óraddað.
- uppgómmælt öngljóð, raddað.

5. Venjulegur framburður orðsins **stolt** er hljóðritaður

- [stolt]
- [sdold]
- [sdold]
- [stold]

6. Elstur heima í Snorra-Eddu er

- Ginnungagap.
- Hvergelmir.
- Múspellsheimur.
- Niflheimur.

7. Einn eftirtalinna er **ekki** ásaættar:

- Bragi
- Freyr
- Týr
- Váli

8. Í ragnarökum barðist Heimdallur við

- Garm.
- Loka.
- Miðgarðsorm.
- Surt.

9. Skaði átti heima

- í Breiðabliki.
- í Fensölum.
- á Þrúðvangi.
- í Þrymheimi.

10. Skip Freys hét

- Hringhorni.
- Naglfar.
- Ókólnir.
- Skíðblaðnir.

11. Gætir eplanna sem varðveitti ungdóm ásanna var

- Eir.
- Gefjun.
- Iðunn.
- Vanadís.

12. Í Gylfaginningu er margra hesta getið og góðra. Einn var þó bara til undaneldis. Sá hét

- Gulltoppur.
- Hrímfaxi.
- Skinfaxi.
- Svaðilfari.

13. Svissneska er

- germanskt mál.
- keltneskt mál.
- slavneskt mál.
- ekki til.

14. Gelísk mál eru

- af germönskum stofni.
- af keltneskum stofni.
- af slavneskum stofni.
- hvergi töluð lengur.

15. Orðið gæmsi er

- () nýgerving.
- () nýyrði.
- () tökuorð.
- () tökupýðing.

II. (30%) Hljóðfræði

1. (4%) Lestu úr þessum hljóðritunartáknum:

[sjelving] _____ [raisdni] _____

[t rixd] _____ [gabllað] _____

2. (20%) Hljóðritaðu þessi orð:

rifna _____

bakstur _____

smogið _____

frekja _____

stinga _____

galinn _____

lækni _____

tefjast _____

hérað _____

liðka _____

3. (3%) Hljóðritaðu orðið skefla og lýstu hljóðunum í því

Samhljóð: _____

Sérhljóð: _____

4. (3%) Hljóðritaðu mismunandi framburð þessara orða. Hvar á landinu er líklegt að hvert framburðaratriði heyrir?

langur _____

stampur _____

hvísl _____

III. (31%) Snorra-Edda

1. (5%) Tengdu saman með því að setja viðeigandi bókstaf í svigana.

- | | |
|---------------|------------------|
| a. Freyr | () Gjöll |
| b. Helgrindur | () Magni |
| c. Móði | () Megingjarðir |
| d. Sleipnir | () Skírnir |
| e. Þór | () Svaðilfari |

2. (3%) Hvaða guðum er svo lýst?

a. Hún á þann bæ á himni er Fólkvangur heitir, og hvar sem hún ríður til vígs, þá á hún hálfan val, en hálfan Óðinn, Salur hennar, Sesrúmnir, er mikill og fagur. En er hún fer þá ekur hún köttum tveim og situr í reið.

b. Hann er kallaður hvíti ás. Hann er mikill og heilagur. ... Hann býr þar er heitir Himinbjörg við Bifröst. Hann er vörður goða og situr þar við himins enda að gæta brúarinnar fyrir bergrisum. Þarf hann minni svefn en fugl. Hann sér jafnt nótt sem dag hundrað rasta frá sér. Hann heyrir og það er gras vex á jörð og ull á sauðum og allt það er hærra lætur. Hann hefur lúður þann er Gjallarhorn heitir, og heyrir blástur hans í alla heima.

c. En þegar eftir snýst _____ og stígur öðrum fæti í neðri kjaft úlfsins. Á þeim fæti hefur hann þann skó er allan aldur hefur verið til safnað. Það eru bjórar þeir er menn sníða úr skóm sínum fyrir tá eða hæli. Því skal þeim bjórum á braut kasta sá maður er að því vill hyggja að koma ásunum að liði. Annarri hendi tekur hann hinn efri kjaft úlfsins og rífur sundur gin hans og verður það úlfsins bani.

3. (9%) Segðu frá jötninum Ými, tilurð hans, eldi og hlutverki í sköpunarsögunni.

IV. (24%) Málsaga

1. (5%) Hver þessara tungumála eru kentummál og hver satemmál?

albanska: _____, ítalska: _____

lettneska: _____, tékkneska: _____

þýska: _____.

2. (4%) Hvað er það sem einkum greinir germönsk mál frá öðrum?

3. (4%) Hví er svo lítill mállyskumunur á Íslandi?

4. (3%) Rúnir, gerð þeirra og notkun

5. (4%) Hvað eru inntaksorð og kerfisorð? Nefndu dæmi (orð eða orðflokka) um hvorttveggja.

6. (4%) Málrækt og hreintungustefna - í hverju felst það? Hverja má kalla upphafsmenn hvors um sig?
